

Vinnuregla fyrir útgáfu lyfjaskírteinis

Prótónpumpuhemlar

ATC flokkur: A 02 BC - Prótónpumpuhemlar

Dagsetning: 1. janúar 2011

Sjúkratryggingar taka þátt í greiðslu hagkvæmstu pakkninga í lyfjaflokknum prótónpumpuhemlar og eru þær E-merktar í lyfjaverðskrá. Sé þeim pakkningum ávísað á lyfseðli þarf **ekki** að sækja um lyfjaskírteini.

Ef hagkvæmstu lyfin reynast ófullnægjandi getur læknir sótt um lyfjaskírteini fyrir öðrum lyfjum.

Skilyrði fyrir útgáfu lyfjaskírteinis

- Meðferð með hagkvæmstu lyfjunum í hámarksskömmun hafi staðið yfir í a.m.k. 3 mánuði og einkenni sýrutengds sjúkdóms enn til staðar eða aukaverkanir koma fram af notkun þeirra. Meðferð hafi verið reynd með a.m.k. tveimur prótónpumpuhemlum áður en sótt er um lyfjaskírteini.
- Í umsókn skal koma fram hvaða lyf hafa verið notuð og í hve langan tíma, ástæða þess að ekki sé hægt að nota hagkvæmstu lyfin svo og lýsing á aukaverkunum og einkennum sem koma fram við notkun hagkvæmstu lyfjanna.

Greiðslubátttaka sjúkratrygginga:

E-merkt

Gildistími:

3 ár - staðfesta þarf við hverja endurnýjun að hagkvæmari lyfjameðferð gagnist ekki